

Ed.

443. Frumvarp til laga

[231. mál]

um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánnum lánastofnana.

2. gr.

Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en þrem milljónum króna og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en fimm milljónir króna í viðkomandi stofnun.

Upphæðir þær, sem nefndar eru í 1. og 2. mgr., skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1978.

3. gr.

Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samþykkt á Alþingi í tíð vinstri stjórnarinnar í árslok 1971, var ákveðið að árlega skyldi birt skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar, sbr. 16. gr. laganna, sem nú er 15. gr. Þetta var nýmæli í íslenskum lögum og hefur gefist vel. Hefur þetta gilt um allar lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Bygðasjóðs.

Veiting lána er mikilsverð og mjög eftirsótt fyrirgreiðsla, ekki síst á verðbólgu-tímum. Opinber birting lánveitinga opnar almenningi leið til að hafa eftirlit með ráðstöfun fjár úr opinberum sjóðum. Er þá minni hætta á mismunun og geðþótta-ákvörðunum. Auk þess geta ókunnugir kynnt sér milliliðalaust, hvers konar lán eru veitt og í hvaða tilgangi.

Eðlilegast virðist, að þessi háttur sé hafður á um allar lánveitingar úr viðurkenndum lánastofnunum. Leyndin skapar tortryggni. Ekki verður séð, að nokkur lánveiting eigi rétt á sér, sem ekki þolir dagsins ljós. Hins vegar er ástæðulaust, að bankar og sparisjóðir þurfi að tína til sérhvert smálán og er því miðað við tiltekna lágmarksupphæð, þrjár milljónir króna.

Flutningur þessa frumvarps má skoða sem bátt í þeirri stefnu Alþýðubandalagsins að stuðla að opnara og réttlátara stjórnkerfi.